LÖG

42
24. maí

um breyting á lögum nr. 50 23. júní 1932, um útflutning hrossa.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Atvinnumálaráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands yfirumsjón með útflutningi hrossa og markaðsöflun fyrir hross erlendis.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:
Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 10 vetra. Útflutningur á fyrstu verðlauna kynbótahestum og kynbótahryssum er óheimill, nema til koma leyfi atvinnumálaráðherra hverju sinni og að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands, enda mæli sérstakar ástæður með slíkum útflutningi.
Á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní er óheimilt að flytja hross á erlendan markað. Þó má leyfa útflutning á eldishrossum á þessu tímabili að fengnu samþykki og meðmælum þeirra aðila, er áður greinir.

3. gr.

a. 2. málsl. 3. gr. laganna falli niður.
b. Fyrir orðið „skoðunarmenn" í upphafi 3. málsl. sömu lagagr. komi: dýralæknar.

4. gr.

Orðin „eða öðrum eftirlitsmanni, sem atvinnumálaráðherra kann að hafa falið eftirlit með hrossaútflutningi (sbr. 3. gr.)" í 1. málsl. 4. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Orðin „(eftirlitsmanni)" og „glaseygð" í 5. gr. laganna falli niður.

6. gr.

Orðið „(eftirlitsmanni)" í 6. gr. laganna falli niður.

7. gr.

8. gr. laganna orðist svo:
Atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, yfirdýralæknis og Dýraverndunarfélags Íslands, reglugerð um útflutning hrossa, þar sem nánar er tekið fram um útbúnað skipa og flugvéla, er annast útflutning hrossa, stærð þeirra og ganghraða, fóðurbirgðir, vatnsbirgðir, loftræstingu, hirðingu hrossa í skipinu og annað það, er máli skiptir fyrir öryggi og góða líðan hrossanna, meðan á flutningi stendur.

8. gr.

9. gr. laganna orðist svo:
Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 2000—20000 kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Endurprentað blað. Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

42
24. maí

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 24. maí 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

43
29. maí

LÖG

um aðstoð við vangefið fólk.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Af alls konar gosdrykkjum og öli, sem er framleitt hér á landi og afhent er eða selt á flöskum, skal í næstu 5 ár greiða gjald, að upphæð 10 aurar af hverri flösku, og rennur gjald þetta í Styrktarsjóð vangefinna, er vera skal í vörzlu félagsmálaráðuneytisins.

Fé sjóðsins skal ætíð vera handbært til framkvæmda samkvæmt 4. gr. Um stjórn sjóðsins skal nánar ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Gosdrykkja- og ölgerðir skulu greiða gjald samkvæmt 1. gr., og innheimtist það með tolltekjum ríkisins.

3. gr.

Verð á gosdrykkjum og öli, sem gjald greiðist af samkvæmt lögum þessum, er heimilt að hækka sem gjaldinu nemur. Telst gjaldið ekki innifalið í söluverði við álagningu söluskatts og gjalds til útflutningssjóðs.

4. gr.

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til þess að reisa stofnanir fyrir vangefið fólk.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1958.

Gjört að Bessastöðum, 29. maí 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.